

Miðvikudaginn 26. október 1983.

Nr. 163/1981. **Orkuvirki h/f**

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

gegn

**Lífeyrissjóði rafiðnaðarmanna**

(Skúli J. Pálmason hrl.).

Orlofssjóðsiðgjald. Synjað lögtaks.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 5. ágúst 1981, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. júlí sama ár. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði felldur úr gildi og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks. Hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til þess að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi krafðist lögtaks fyrir iðgjöldum, er hann taldi áfrýjanda skylt að greiða til orlofssjóðs Landssambands íslenskra rafverktaka fyrir tímabilið 1. október 1978 til 1. október 1980, samtals 817.522 gamlar krónur, auk vanskilavaxta og kostnaðar.

Hinn 22. júní 1977 var gerður samningur milli Rafiðnaðarsambands Íslands annars vegar og hins vegar Landssambands íslenskra rafverktaka, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Í upphafi samnings þessa segir: „Síðustu kjarasamningar Rafiðnaðarsambands Íslands og Landssambands íslenskra rafverktaka vegna aðildarfélaga sinna framlengist með eftirfarandi breytingum og þeim breytingum, sem leiða af ramma-samningi A.S.Í., V.S.Í. og V.M.S.“ Af breytingum þessum skiptir hér máli einungis 6. liður þessa samnings, sem hljóðar svo: „...Gr. 3.1. „Orlof“ síðasta málsgr. hljóði svo: Rafverktakar greiði 0.25% af útborguðu kaupum rafvikja í orlofssjóð RSÍ og sömu hlutfallstölu af útborguðu kaupum í orlofssjóð LÍR. Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna annast innheimtu.“

Ágreiningslaust er, að Landssamband íslenskra rafverktaka er samband atvinnurekenda og að áfrýjandi á ekki aðild að þeim. Rafiðnaðarsamband Íslands er samtök launþega í rafiðnaði. Samkvæmt 3. gr. laga nr. 9/1974 um starfskjör launþega o. fl. og síðar samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda (birtra 16. júní 1980) svo og framangreindu sammingsákvæði var áfrýjanda skylt að greiða 0.25% af útborguðu kaupum rafvirkja í orlofssjóð Rafiðnaðarsambandsins. Er og eigi um það deilt, að áfrýjandi hefur gert það. Þegar litið er til þess, að tilgangur laga nr. 9/1974 og laga nr. 55/1980 er augljóslega sá að tryggja réttindi launþega gagnvart atvinnurekendum, svo sem bæði kemur fram í fyrirsögnum laganna og athugasemdum við frumvörp að þeim, verður eigi fallist á, að áður nefnd ákvæði laganna leggi samsvarandi skyldu á atvinnurekendur til að greiða iðgjöld í orlofssjóði atvinnurekendasamtaka, sem þeir eru eigi aðilar að. Verður að telja, að orðið „stéttarfélag“ í 3. gr. laga nr. 9/1974 og 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 taki einungis til félaga launþega, sbr. og 1. gr. laga nr. 80/1938. Brestur stefnda því heimild til þess að heimta af áfrýjanda iðgjöld í orlofssjóð Landssambands íslenskra rafverktaka. Ber því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi og synja um framgang hins umbeðna lögtaks.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnda til þess að greiða áfrýjanda 18.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

#### D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og synjað um framkvæmd hins umbeðna lögtaks.

Stefndi, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, greiði áfrýjanda, Orkuvirki h/f, 18.000.00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

#### Úrskurður fúgetaréttar Reykjavíkur 4. mars 1981.

Í máli þessu hefur gerðarbeiðandi, Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, krafist þess, að gert verði lögtak hjá gerðarþola, Orkuvirki h/f, Sóleyjargötu 17 hér í borg, til tryggingar kr. 8.175.22 auk vanskilavaxta, innheimtukostnaði svo og fyrir öðrum kostnaði, er af gerðinni leiðir.

Gerðarþoli gerir þær kröfur, að synjað verði um umbeðna lögtaksgerð. Aðiljar hafa hvor um sig krafist málskostnaðar að mati réttarins. Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi, er fram fór 21. janúar sl.

Með bréfi, dagsettu 15. júlí 1980, fór gerðarbeiðandi þess á leit við gerðarþola, að hann sendi greiðslu á 0.25% af útborguðu kaupum þeirra rafvirkja, sem starfað höfðu hjá gerðarþola 1978 og 1979 við ýmis verk á Grundartanga. Þessum greiðslutilmælum var ekki sinnt, og var þá send lögtaksbeiðni til yfirborgarfógetans í Reykjavík, dags. 27. nóvember 1980, og síðan var birtur lögtaksúrskurður fyrir stjórnarformanni gerðarþola hinn 2. desember sl. Við fyrstu fyrirtækt lögtaksins var mætt af hálfu gerðarþola og lögtakinu mótmælt.

Gerðarbeiðandi byggir kröfu sína á lögum nr. 29/1885, sbr. lög nr. 21/1979 um breytingu á 11. tl. 1. gr. laga nr. 29/1885 svo og á breytingum á samningi milli RSÍ, LÍR og VSÍ og VMS, er samþykktar voru 22. júlí 1977. Í þeim kjarasamningi standi, að rafverktakar greiði 0.25% af útborguðu kaupum rafvirkja í orlofssjóð RSÍ og sömu hlutfallstölu í orlofssjóð LÍR og annist Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna innheimtu. Hvergi sé minnst á, að greiðendum beri að vera aðiljar að ákveðnum samtökum, svo þeir skili þessu gjaldi. Vinnan á Grundartanga, þar sem gerðarþoli hafi starfað, fari fram í skjóli réttinda félagsmanna Félags löggiltra rafverktaka í Reykjavík, sem er eitt aðildarfélag LÍR. Slík tengsl séu algeng, þegar um hlutfélög er að ræða. Mjög fá fyrirtæki séu sjálf aðiljar að FLRR eða LÍR, aðildin sé yfirleitt bundin við persónur.

Gerðarþoli mótmælir því, að lögtak nái fram að ganga í eignum sínum, og telur, að ekki sé í lögum til óyggjandi heimild til þess. Til stuðnings þeirri kröfu bendir hann á, að fyrirtækið sé ekki félagi í Landssambandi ísl. rafverktaka. Það njóti þar engra réttinda, hvorki úr orlofssjóði samtakanna né öðrum sjóðum þeirra. Gerðarþoli njóti engra félagslegra réttinda hjá gerðarbeiðanda né hafi á nokkurn hátt notið góðs af störfum þessara samtaka. Gerðarþoli sé hlutfélag með hluthafa úr ýmsum stéttum þjóðfélagsins, sem engan sjálfstæðan rekstur hafi á sviði raflagna. Gerðarþoli hafi ekki stuðst við taxa nefnds landssambands og hyggist ekki gera það.

Gerðarþoli segir lögtakskröfuna til orðna vegna verka fyrir Járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga. Sú verksmiðja sé ekki aðili að neinum samningi við Landssamband ísl. rafiðnaðarmanna, en hafi sjálft rafvirkja í sinni þjónustu. Verksmiðjan greiði eingin gjöld í orlofsheimilassjóð. Ábyrgð á verkinu hafi hvílt á tækniþæðingi í þjónustu Járnblendiverksmiðjunnar.

Til grundvallar lögtakskröfu þessari liggur samningur milli Rafiðnaðarsambands Íslands og Landssambands íslenskra rafverktaka annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaga

hins vegar. Í honum er kveðið á um, að rafverktakar greiði 0.25% af útborguðu kaupum rafvirkja í orlofssjóð RSÍ og sömu hlutfallstölu í orlofssjóð LÍR, og á Lífeyrissjóður rafiðnaðarmanna að annast innheimtu.

Gerðarþoli hefur talið sig óbundinn af þessum samningi, þar sem hann sé ekki félagi í framangreindum samtökum vinnumarkaðarins, og geti þessi krafa því ekki stofnast á hendur sér.

Í lögum nr. 55 frá 9. júní 1980, 1. gr., er kveðið á um, að laun og önnur starfskjör, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um, skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því, sem samningurinn tekur til. Í 2. gr. sömu laga er öllum launamönnum sagt skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar, og loks eru í 6. gr. laganna ákvæði, sem skylda alla atvinnurekendur til að greiða í sjúkra- og orlofssjóði viðkomandi stéttarféлага iðgjöld þau, sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni.

Verður að telja ljóst af ákvæðum þesara laga, að gerðarþoli er bundinn af samningi þeim, sem liggur frammi í málinu sem réttarskjal nr. 5, og ljóst er, að krafan á grundvelli hans hefur að fullu lögtaksrétt skv. 11. tölulið laga nr. 29/1885, sbr. lög nr. 21/1979. Verður því að taka til greina kröfu gerðarbeiðanda um, að lögtak fari fram hjá gerðarþola til tryggingar framangreindri kröfu.

Rétt þykir, að gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.500.00 í málskostnað.

Ólafur Sigurgeirsson, aðalfulltrúi yfirborgarfógeta, kvað upp úrskurð þennan, en uppsaga hans hefur dregist vegna anna við embættið.

#### Því úrskurðast:

Umbeðið lögtak fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli greiði gerðarbeiðanda kr. 1.500.0 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.